

Fundur hjá hreppsnefnd Akrahrepps, Héðinsminni 8.ágúst 2018

Allir mættir.

1. mál: *Skólaakstur í framhlíðinni*

Tvö tilboð bárust í akstur.

Frá Hugheimi ehf. 34.000 kr á dag og frá Hópfarabílum Skagafjarðar 36.412 kr á dag.

Ákveðið að taka tilboði Hugheima sem er fyrirtæki Gunnars og Arnars Valdimarssona.

2. mál: *Fjallskilamál*

Þorkell Gíslason og Agnar Gunnarsson frá fjallskilanevnd fóru á fund með fjallskilanevnd Hörgdæla. Smölun verður með svipuðu fyrirkomulagi í haust og verið hefur.

3. mál: *Persónuverndarfulltrúi Akrahrepps*

Verið að kanna þetta í samstarfi við sveitarfélagið Skagafjörð.

4. mál: *fundarboð*

Hrefna sagði frá fundarboði frá Landsneti vegna lagningar Blöndulínu 3, með áherslu á atriði varðandi Akrahrepp, þann 20. ágúst kl. 20.00, og einnig samstalsfund með báðum sveitarstjórnnum í Skagafirði um málefni flutningskerfis raforku.

5. mál: *íbúaþing*

Hreppsnefnd stefnir á að halda íbúaþing 3. nóvember í Héðinsminni.

6. mál: *Húsvörður í Héðinsminni*

Húsnefnd Héðinsminnis falið að fara yfir umsóknir um húsvörðarstarf í húsinu og gera tillögu til hreppsnefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eypór Einarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og Þorkell Gíslason.